

**Nd.**

**37. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðherra hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt i B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hafði náð samþykki neðri deildar á síðasta þingi.